

Til Fræðsluráðs

Berist til fræðslustjóra, Magnúsar Baldurssonar.

Efni: beiðni leikskólastjóra Hafnarfjarðar um viðbótarstöðugildi talmeinafræðings fyrir leikskóla Hafnarfjarðar.

Á fundi leikskólastjóra þann 13. janúar 2015 kom til umræðu hversu löng bið það væri eftir þjónustu talmeinafræðings fyrir börn í leikskóla. Þar sem leikskólar í Hafnarfirði eru að vinna eftir kenningum Snemmtækrar íhlutunar í málörvun ungra barna, þá telja leikskólastjórar að það sé ekki ásættanlegt að bíða allt að 6 mánuðum eftir greiningu á barni.

Við í leik- og grunnskólum Hafnarfjarðar höfum verði hvött, af fræðslufirvöldum, til að setja okkur stefnu og vinna markvisst að undirstöðupáttum læsis til að styrkja börn til frekara náms. Eins og öllum er kunnugt um þá komu hafnfirsk börn illa út úr síðustu PISA-könnun og hefur það nú þegar verið staðfest með niðurstöðum úr Hljóm 2 (leikskólabörn) og Leið til læsis (grunnskólabörn). Fagfólk leikskólanna hefur miklar áhyggjur af þessari stöðu og eru tilbúin að vinna hörðum höndum til að bæta ástandið en það þarf meira till

Hvetjum við því Fræðsluráð til að auka við stöðu talmeinafræðinga á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar til að bæta þjónustuna við börn með seinkaðann málþroska og vinna þannig í raun með snemmtæka íhlutun.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Fyrir hönd leikskólastjóra í Hafnarfirði

  
Anna Borg Harðardóttir  
Leikskólastjóri

  
Ólafía Guðmundsdóttir  
leikskólastjóri